

## Lög

Nr. 28.  
26. okt.

um

þóknun til vitna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Nú sækir maður dómþing, stefndur eða óstefndur, til þess að bera vitni, og ber honum þá 50 auro þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna þingsóknar, þó eigi meira en 6 krónur um sólarhring.

## 2. gr.

Þurfi vitni að ferðast frá heimili sínu 10 km. eða minna á landi eða 5 km. á sjó eða minna, skal greiða því 1 kr. í ferðakostnað fyrir allt að 10 km. á landi eða allt að 5 km. á sjó. Ef vitni þarf að fara meiri vegalengd, greiðist því hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknun þessa skal telja eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, en má ekki fara fram úr 6 kr. fyrir hvern sólarhring. Sje vitni burtu frá heimili sínu meira en sólarhring, fær það 25 auro í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Ef vitni er búsett í kaupþúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því að eins, að það þurfi að fara út úr kaupþúninu eða þorpinu.

## 3. gr.

Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal þóknun greidd fyrirfram úr landssjóði, og fer um endurgjald hennar sem um annan málskostnað í þeim málum.

Í einkamálum greiðir sá gjaldið, er vitnaleiðslu krefst. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

## 4. gr.

Vitnadómari ákveður þóknun handa vitni, þegar er það hefir int af hendi vitnaskyldu sína. Það skal gert í sama þinghaldi og ákvörðun um það bókuð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalinborg, 26. október 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon.